

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 20. maí 2020

**Mál nr. S-3697/2019:**

**Héraðssaksóknari**

*(Fanney Björk Frostadóttir aðstoðarsaksóknari)*

**gegn**

**X**

*(Guðmundur St. Ragnarsson lögmaður)*

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 11. maí 2020, var höfðað með ákæru héraðssaksóknara, dags. 8. ágúst 2019, á hendur:

„X, kennitala [...],  
[...]

### I.

Fyrir hótanir, með því að hafa [...] mars 2019, á heimili við [...] í Reykjavík, í viðurvist A og B, er ákærði hélt á hamri, hótad að beita C líkamsmeiðingum en hótanir ákærða voru til þess fallnar að vekja ótta hjá C, A og B um líf, heilbrigði og velferð C.

Telst brot þetta varða við 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

### II.

Fyrir eftirtalin brot framin að kvöldi [...] mars 2019:

1. Fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa ekið bifreiðinni [...] óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist amfetamín 295 ng/ml) eftir [...] í Reykjavík.

Telst brot þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. a., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 sbr. 5. gr. laga nr. 66/2006 og 3. gr. laga nr. 24/2007.

2. Fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa á heimili við [...] í Reykjavík, slegið C, sem þar var gestkomandi, í höfuðið með skralli úr topplyklasetti og stungið hann í vinstri sköflung með skrúfjárn, með þeim afleiðingum að C hlaut opið sár aftanvert á vinstri hnakka, opið sár framanvert á vinstri sköflung og heilahristing.

Telst brot þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. Fyrir fíkniefnalagabrot, með því að hafa haft í vörslum sínum 0,64 grömm af amfetamíni sem lögregla fann við leit í hægri brjóstvasa á vinnusamfesting ákærða.

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, greiðslu alls sakarkostnaðar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993 og 18. gr. laga nr. 66/2006. Þess er jafnframt krafist að fíkniefni sem tilgreind eru í ákærulið 3 í II. kafla ákæru, verði gerð upptæk, sbr. 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001.

#### *Einkaréttarkrafa:*

Af hálfu C, kt. [...], er gerð sú krafa að ákærða verði gert að greiða honum miskabætur samtals að fjárhæð kr. 1.200.000,- auk vaxta skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, sbr. 4. gr. laganna frá [...]03.2019 til þess dags er mánuður er liðinn frá því bótakrafa þessi er kynnt fyrir ákærða en með dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga til greiðsludags. Þá er krafist þjáningarbóta á grundvelli 3. gr. skaðabótalaga að fjárhæð kr. 58.500,- auk vaxta skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, sbr. 4. gr. laganna frá [...] mars 2019 til þess dags er mánuður er liðinn frá því bótakrafa þessi er kynnt fyrir ákærða en með dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 9. gr., sbr. 6. gr. vaxtalaga til greiðsludags. Þá er krafist skaðabóta vegna útlagðs kostnaðar brotþola að fjárhæð kr. 13.400,- auk vaxta skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, sbr. 4. gr. laganna frá [...] mars 2019 til þess dags er mánuður er liðinn frá því bótakrafa þessi er kynnt fyrir ákærða en með dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga til greiðsludags. Þá er krafist greiðslu lögmannsþóknunar eða réttargæsluþóknunar, ef lögmaður verður skipaður réttargæslumaður, allt í samræmi

við framlagða tímaskýrslu að teknu tilliti til þess að brotþoli er ekki með virðisaukaskattskylda starfsemi.“

Mál nr. S-6320/2019 var sameinað málinu í þinghaldi 18. nóvember 2019 og síðar í sama þinghaldi var þáttur meðákærða samkvæmt II. kafla ákæru dagsettrar 5. nóvember 2019 skilinn frá málinu og dæmdur sérstaklega. Ákærvaldið féll frá refsikröfu á hendur ákærða samkvæmt II. kafla ákærunnar. Eftir stóð I. kafli ákæru þar sem ákærða var gefið að sök fíkniefnalagabrot með því að hafa haft í vörslum sínum í sölu- og dreifingarskyndi 579,35 grömm af maríjúana og 0,7 grömm af amfetamíni sem lögregla lagði hald á við leit að [...] í Hafnarfirði þann [...] september 2018. Brotið er talið varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Krafist er upptöku á 579,35 grömmum af maríjúana og 0,7 grömmum af amfetamíni, samkvæmt 6. og 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001.

Verjandi ákærða krefst sýknu af þeim hluta ákæru í seinni ákærulið II. kafla er lýtur að stungu með skrúfjárn. Að öðru leyti krefst hann vægustu refsingar er lög leyfa og hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa.

## I.

Ákærði hefur skýlaust játað sök samkvæmt I. kafla og 1. og 3. ákærulið II. kafla í ákæru Héraðssaksóknara dagsettri 8. ágúst 2019. Þá hefur hann skýlaust játað sök samkvæmt I. kafla ákæru lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu dagsettrar 5. nóvember 2019, sem einn stendur eftir. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök samkvæmt framangreindum ákæruköflum og eru brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru. Það athugast að ný umferðarlög nr. 77/2019 tóku gildi eftir að ákæra var gefin út í málinu og vísast til 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga. Brot ákærða samkvæmt 1. ákærulið II. kafla eru nú heimfært til 1., sbr. 2. mgr. 50. gr., sbr. 101. gr. laga nr. 77/2019

*Ákæra Héraðssaksóknara dagsett 8. ágúst 2019*

*II. kafli 2. ákæruliður*

Þann [...] mars 2019 kl. [...] var lögreglu tilkynnt um líkamsárás með skrúfjárnri að [...]. Sjúkralið var sent á vettvang þar sem þær upplýsingar fylgdu að brotþola blæddi mikið. Þegar lögregla kom á vettvang var ákærði í svefnherbergi íbúðarinnar en brotþoli, C, sat í stofunni blóðugur í andliti. Segir í frumskýrslu lögreglu að ákærði hafi verið æstur og bersýnilega í annarlegu ástandi. Hann hafi verið blóðugur í framan og á höndum en ekki með sjáanlega áverka. Við öryggisleit á ákærða fannst m.a. blóðugur skiptilykill. Ákærði var handtekinn í kjölfarið og færður á lögreglustöð.

Haft var eftir brotþola að hann hefði verið gestkomandi þegar ákærði hefði ruðst inn og ráðist á hann í stofunni. Ákærði hafi slegið hann í höfuðið með skiptilykli og hafi blætt mikið við það. Þeir hafi tekist á og ákærði ítrekað reynt að stinga hann með skrúfjárnri. Hafi ákærða tekist að stinga hann í fótinn. Ástandi brotþola er lýst svo að hann hafi verið í miklu uppnámi, blóðugur á höfði og með áverka á fæti.

Fram kemur í skýrslunni að greinilegt hafi verið að til átaka hefði komið í stofu íbúðarinnar en blóðpollur hafi verið á gólfi og í sófa. Þá hafi verið skrúfjárn á stofugólfi. Á heimilinu var húsráðandi, B, og A, dóttir hennar, og tvö börn.

Rætt var við A og B á vettvangi. Lýstu þær því að þetta kvöld hefði brotþoli verið gestkomandi á heimilinu er ákærði hefði ruðst inn á heimilið og ráðist á brotþola. Hann hefði slegið brotþola með skiptilykli í höfuðið og ítrekað reynt að stinga hann með skrúfjárnri er þeir tókust á. Hafi ákærði verið undir áhrifum fíkniefna. Þá greindi A frá því að ákærði hefði hótað henni og brotþola með hamri vikuna áður. B greindi einnig frá því að ákærði hefði ráðist á brotþola. Kvað hún hann hafa slegið hann í höfuðið og ítrekað reynt að stinga hann með skrúfjárnri. Hafi hún talið að ákærði ætlaði að drepa C.

Í skýrslu rannsóknardeildar kemur fram að þær upplýsingar hafi fylgt frá lögreglu á vettvangi að ákærði hefði barið brotþola í höfuðið með skralli og stungið hann með skrúfjárnri. Tæknideild lögreglu myndaði vettvang. Þá voru teknar myndir af áverkum brotþola og má sjá sár neðst á hnakka hans og sár ofarlega á vinstri sköflungi.

Tekin var skýrsla af brotþola sama dag og lýsti hann því frekar hvernig ákærði hefði ráðist á hann umrætt sinn. Hafi ákærði haldið á skiptilykli og skrúfjárnri þegar hann veittist að honum. Hafi hann m.a. verið laminn í höfuðið með skiptilyklinum og stunginn með skrúfjárnri í vinstri sköflung.

Í læknisvottorði dagsettu [...] mars 2019 kemur fram að brotþoli hafi leitað á slysideild að kvöldi [...] mars 2019. Lýsti hann því að hafa orðið fyrir líkamsárás af

hendi ákærða í heimahúsi skömmu áður. Hafi ákærði slegið hann í höfuðið með skrúflykli og hann fengið skurð á höfuðið. Einnig hafi hann hlotið skurð á framanverðan vinstri sköflung eftir skrúfjárn sem ákærði var með. Við skoðun á höfði hafi komið í ljós sár á aftanverðum hnakka vinstra megin sem mældist 1,2 cm að lengd og 3–4 mm djúpur. Var það saumað með tveimur sporum. Þá hafi verið lokaður yfirborðsskurður á framanverðum vinstri sköflungi, 3,5 cm langur. Greiningar samkvæmt vottorðinu eru opið sár á höfði, opið sár á neðri útlím og heilahristingur.

Í tengslum við rannsókn málsins var leitað álits D réttarmeinafræðings á því hvort áverkni á sköflungi brotaþola gæti hafa hlotist með skrúfjárninu eða topflykli sem fundust á vettvangi. Með beiðni til réttarmeinafræðingsins fylgdu frekari upplýsingar um verkfærin sem og ljósmyndir af þeim og áverkanum. Samkvæmt niðurstöðum álitsins gáfu formfræðilegar útlínur áverkans til kynna að hann væri af völdum höggs með „frekar mjóu og beittu eða hálfbeittu áhaldi“. Hlutturinn hlyti að hafa verið notaður með mikilli ákefð í skálegrri stefnu niður á við. Eftir samanburð á vopnunum væri mögulegt að áverkinn væri af völdum skrúfjárnsins en hægt að útiloka topflykilinn.

Samkvæmt niðurstöðum skýrslu tæknideildar lögreglu voru föt ákærða og áhöld sem fundust á vettvangi rannsókuð með blóðprófi. Fannst jákvæð svörun í samfestingi ákærða og á skiptilykli. Þá fannst jákvæð svörun við skoðun á skóm ákærða.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða, brotaþola og annarra vitna við aðalmeðferð málsins, að því marki sem nauðsynlegt þykir til úrlausnar þess.

Ákærði lýsti atvikum svo að hann og A, barnsmóðir hans, hefðu verið hætt saman. Hann hefði tekið öryggið úr bifreið hennar, sem var við heimili móður hennar, og hefði hún viljað fá það aftur. Kvaðst hann að endingu hafa farið af stað með öryggið. Hefði hann hringt í A og heyrt að brotaþoli var hjá henni. Hefði hann gengið inn í íbúðina og þá séð brotaþola. Hafi þeir hlaupið hvor á móti öðrum. Ákærði kvaðst hafa verið í vinnugallanum og með skrúfjárninu í rassvasanum þar sem það væri venjulega. Hann hafi tekið upp skrallið og „dúnkað“ brotaþola í hnakkann. Hafi þeir þá verið við borðstofuborðið og flogist á. Ákærði kvaðst lítið muna þegar hér var komið sögu. Hann muni þó eftir því að hafa beygt sig niður og sparkað í magann á brotaþola sem hafi þá dottið ofan á hann. Kvaðst ákærði síðan hafa náð að halda honum niðri og m.a. krækt fótunum utan um hann. Hafi hann haldið í bol hans. Ákærði kvaðst aldrei hafa gripið til skrúfjárnsins. Kvaðst hann því ekki geta skýrt áverka á brotaþola sem tengdur væri við skrúfjárninu. Taldi ákærði að ómögulegt hefði verið fyrir hann að stinga brotaþola í sköflunginn og halda honum niðri á sama tíma. Að endingu hafi bæði ákærði og brotaþoli orðið þreyttir á að halda hvor í annan. Eftir átökin hafi hann farið inn í herbergi þar sem börnin voru.

Ákærði lýsti ástandi sínu er atvik áttu sér stað svo að hann hefði verið í „tilfinningalegu rugli“, sár, pirraður og leiður. Aðspurður kvaðst hann „að einhverju leyti“ hafa verið afbrýðisamur. Þá hefði hann verið í neyslu og fengið sér amfetamín um morguninn. Hann kvað þau A hafa tekið saman að nýju og það hefði gerst fljótlega eftir þetta. Þau byggju saman í dag. Kvaðst ákærði ekki vera í neyslu nú.

*Brotapoli* lýsti atvikum svo að bifreið A, sem var lagt í stæði við heimili B móður hennar, hefði ekki farið í gang eftir að ákærði hefði átt eitthvað við hana. Umrætt sinn hefðu þau verið þarna á heimilinu og hann setið í sófanum í stofunni þegar B hrópaði að ákærði væri kominn og það ætti að læsa hurðinni. Ákærði hafi rokið inn með skrallið í vinstri hendi en skrúfjárníð í þeirri hægri. Hann hafi hrint A frá þar sem hún stóð nálægt dyrunum. Brotapoli kvaðst hafa rokið upp á móti ákærða. Ákærði hafi lyft hendi og brotapolí náð að beygja sig aðeins frá og hafi höggið þá komið í hnakka brotapolá. Þá hefði ákærði reynt að stinga hann í hálsinn. Kvaðst brotapolí hafa tekið ákærða niður og hefði hann verið ofan á honum og haldið honum. Ákærði hefði „djöflast á fullu“ og reynt að stinga hann og náð í sköflunginn. Hafi ákærði náð að munda skrúfjárníð en brotapolí hafi verið með hnéð í efri hluta líkama hans. Ákærði hafi „skrapað“ sköflunginn eða niður með honum. Brotapolí kvaðst hafa sleppt ákærða að hans beiðni og lagt til að þeir myndu ræða málin. Brotapolí kvað ákærða hafa sagt að hann væri að sofa hjá kærustu sinni og hefði hann viljað sýna honum sms-skilaboð. Brotapolí kvaðst hafa verið hræddur enda hefði hann ekki vitað hvort ákærði væri líklegur til að aðhafast meira. Skyndilega hafi hann rokið upp og farið inn í herbergi. Skömmu síðar hafi aðstoð borist. Brotapolí hafi fengið gat á höfuðið eftir skrallið og áverka á sköflung eftir skrúfjárníð. Aðspurður kvað hann átökin hafa verið í stofunni í liggjandi stöðu og lýsti hann því frekar er bornar voru undir hann myndir af vettvangi. Kvað hann allt hafa gerst mjög hratt og verkfærin hafa svo endað einhvers staðar í gólfinu.

Brotapolí kvað þetta hafa verið í fyrsta skipti sem hann sá ákærða. Ákærði hafi verið undir áhrifum, allur „tjúnaður og andlitið stíft“. Sambandi brotapolá og A hafi lokið um viku eftir þetta en hún hafi slitið því. Brotapolí kvað sér ekki hafa liðið vel eftir þetta atvik og lýsti hann því að hann hefði verið var um sig og ekki talið sig óhultan, m.a. vegna hótana frá óþekktum aðilum.

A kvaðst hafa staðið í stofunni þegar einhver hefði sagt að ákærði væri að koma. Ákærði hafi gengið rösklega inn og hún séð þegar hann og brotapolí stefndu í áttina hvor til annars. Kvað hún það hafa verið augljóst hvað myndi gerast og hefði hún náð í börnin, sem voru í stofunni, og farið með þau inn í herbergi. Vitnið kvaðst síðan hafa hringt á neyðarlínuna. Hún hafi ekki séð átökin og það síðasta sem hún hefði séð hefði verið brotapolí ofan á ákærða. Kvaðst hún bara hafa heyrt af því eftir á sem gerst hafði, þ.e. að ákærði hefði slegið brotapolá í höfuðið og reynt að stinga hann með skrúfjární.

Hafi móðir hennar og brotapolí sagt henni frá því. Frá því hafi hún greint þegar lögregla kom á vettvang.

*B* lýsti því er ákærði kom á heimili hennar umrætt sinn. Hún hafi staðið við glugga í íbúðinni og séð hann koma. Hafi það ekki verið góðs viti enda hafi verið „hiti“ í samskiptum á milli ákærða og A, m.a. sökum afbrýðisemi hans vegna samskipta hennar við brotþola. Hafi hún látið A og brotþola vita að hann væri á leiðinni. Ákærði hafi síðan gengið inn í íbúðina og rakleiðis í átt að brotþola sem var í stofunni, þá staðinn á fætur. Þeir hafi rokið saman og tekist á „eins og tuddar“ og velst um gólf stofunnar. Aðspurð kvaðst vitnið ekki hafa séð ákærða stinga brotþola en hún hefði séð handahreyfingar hans og sér hefði virst sem ákærði væri að stinga brotþola ítrekað í síðuna. Hafi hún greint lögreglu frá því að ákærði hefði verið með skrufjárn en vitnið kvaðst ekki muna í dag hvaða áhald þetta var. Taldi hún ekkert skrufjárn hafa fundist á vettvangi. Minnti hana að ákærði hefði verið með eitthvað í annarri hendinni þegar hann kom inn. Kvaðst hún hafa séð ákærða slá brotþola í hnakkann og fengið að vita síðar að það hefði verið með skiptilykli. Vitnið kvaðst hafa verið í stofunni í fyrstu en ekki getað skakkað leikinn og hefði hún þá farið til þess að hringja á lögregluna. Hún hafi farið inn í herbergi til A en farið svo aftur fram og þá séð C hreyfingarlausan ofan á ákærða og blóðugan á hnakka. Þeir hafi síðan sest við borðstofuborðið þegar átökunum lauk. Allt hefði gerst mjög hratt og kvaðst vitnið ekki muna vel eftir því sem gerðist á eftir, öðru en því að lögreglan hefði komið og rætt við hana og fleiri. Aðspurð kvað hún rétt að brotþoli hefði varist ákærða og tekið á móti honum.

*Lögreglumaður nr.* [...] kvaðst hafa verið í bifreið sem kom fyrst á vettvang. Hefðu fengist þær upplýsingar að ákærði hefði verið með skrufjárn og skrall á staðnum. Hafi vitnið rætt við húsráðanda sem hefði talað um að ákærði hefði slegið brotþola í höfuðið og reynt að stinga hann ítrekað með skrufjárninu. Hafi brotþoli verið blóðugur í andliti og á höfði. Ákærði hafi verið ör og virst vera undir áhrifum fíkniefna en verið rólegur við handtökuna.

*E, starfsmaður tæknideildar LRH,* lýsti aðkomu sinni að rannsókn málsins. Ekki hafi fundist blóð á skrufjárninu því sem lagt var hald á á vettvangi. Þá kvaðst hún aðeins hafa rannsakað skó brotþola en ekki fengið annan fatnað hans til rannsóknar.

*D réttarmeinafræðingur* fór yfir helstu atriði álits síns í tengslum við sýnilega áverka á fæti brotþola. Hafi áverkinn verið yfirborðsáverki sem farinn var að gróa. Línur áverkans hafi verið óreglulegar og óskýrar. Hafi því áhaldið sem var notað ekki verið hnífur. Þannig væri ekki um að ræða stungusár. Formfræðileg lögum áverkans benti til höggs með fremur mjóu og þunnu áhaldi. Taldi vitnið áverkann ekki hafa getað hlotist við að reka sig í húsgagn, sem væri jafnan með stóru yfirborði. Ef málmur stæði út úr húsgagni gæti sambærilegur áverki hlotist við að rekast utan í það er

sköflungurinn drægist upp með því. Vitnið kvað óreglulegar línur áverkans helst benda til þess að skrufjárníð hefði verið notað.

*F lækni* fór yfir helstu niðurstöður læknisvottorðs síns. Kvað vitnið áverka brotaþola samrýmast sögu hans af atvikum. Hann hefði verið með rispu á sköflungi og áverka á höfði. Hugsanlegt væri að áverkinn á sköflungnum væri eftir að hann hefði rekið sig í, enda ekki skurður, en þó náð að rispa í gegnum fatnað. Ekki hafi þurft að gera að þessum áverka, hann hafi ekki verið í gegnum húð. Um afleiðingar kvað vitnið brotaþola væntanlega koma til með að bera ör eftir áverka á höfði en andlegar afleiðingar væru einnig fylgifiskur. Þá hafi brotaþoli fengið væg einkenni heilahristings.

## II.

### Niðurstaða

Í málinu er óumdeilt að ákærði réðst á brotaþola á heimili vitnisins B þar sem brotaþoli var gestkomandi. Ákærði hefur gengist við því að hafa komið inn í íbúðina með skrall og skrufjárn í fórum sínu. Hann viðurkennir að hafa slegið brotaþola í höfuðið með skralli. Telst háttsemin og afleiðingar hennar, þ.e. opið sár á höfði og heilahristingur, sannaðar enda í samræmi við gögn málsins og framburð vitna. Á hinn bóginn neitar ákærði að hafa stungið brotaþola með skrufjárn.

Framburður brotaþola þess efnis að ákærði hafi ráðist að honum með skrall í annarri hendi og skrufjárn í hinni hefur verið stöðugur. Frá þessu greindi hann á vettvangi, í skýrslutöku hjá lögreglu og á slysideild. Kvað hann ákærða ítrekað hafa reynt að stinga sig og hafi honum að endingu tekist að skrapa á honum sköflunginn en þá hafi þeir verið í tökum á stofugólfinu. Vitnin B og A voru á vettvangi, en þær kváðust hvorug hafa séð atburðarásina frá upphafi til enda. Staðfesti vitnið B framburð sinn hjá lögreglu um að ákærði hefði ítrekað hoggið til eða slegið brotaþola með áhaldi sem hún taldi vera skrufjárn. Vitnið A kvaðst hafa það eftir brotaþola og B að ákærði hefði veitt brotaþola áverka með skrufjárninu og er það í samræmi við þá tilkynningu sem barst lögreglu. Framburður vitnanna var að mati dómsins trúverðugur og engin merki þess að tengsl við ákærða hefðu haft þar áhrif.

Fyrrgreindur framburður brotaþola, sem var allsgáður þegar atvik gerðust, um að ákærði hefði veitt honum áverka á sköflung með skrufjárn er trúverðugur og sennilegur þegar litið er til framangreinds. Hlaut brotaþoli yfirborðsáverka eftir átökin sem staðfestir eru í frumskýrslu, læknisvottorði og nánar í vitnisburði F læknis fyrir dómi. Þá bar vitnið D að áverkinn gæti samræmst því að skrufjárn eða áþekku áhaldi hefði verið beitt með tilteknum hætti. Tók hann þó fram að ekki væri útilokað að áverkinn hefði hlotist við að brotaþoli hefði rekist utan í hlut tiltekinnar tegundar og

bar lækurinn á sama veg. Á hinn bóginn er ekkert fram komið í málinu sem gerir það sennilegt að brotþoli hafi hlotið áverkann með þeim hætti.

Átökin á milli ákærða og brotþola áttu sér stað í stofunni en skrufjárnið fannst á gólfi í forstofu. Fyrir liggur að ákærði fór að átökunum afstöðnum inn í svefnherbergi í íbúðinni en á þeirri leið fannst skrufjárnið. Á því fannst ekki blóð eða fingraför. Þessi atriði sanna þó ekki að skrufjárminu hafi ekki verið beitt gegn brotþola. Þá verður ekki hjá því litið að ástand ákærða var annarlegt umrætt sinn auk þess sem hann var í tilfinningalegu uppnámi og árásarham. Hefur það vafalaust haft áhrif á skynjun hans og minni. Metur dómurinn framburð hans um að hann hafi ekki beitt skrufjárni í átökunum ótrúverðugan.

Dómurinn telur sannað með afdráttarlausum framburði brotþola, sem fær stoð af vitnisburði B, læknisfræðilegum gögnum og að hluta til vitnisburði A og framburði D, að ákærði hafi umrætt sinn ráðist á brotþola og veitt honum áverka með því að beita skrufjárni með þeim afleiðingum að hann hlaut yfirborðsáverka á sköflung. Orðalag ákæru á þá leið að ákærði hafi stungið brotþola í vinstri sköflunginn er í sjálfu sér ekki rangt þegar litið er til aðfara ákærða í aðdraganda þessa og er í samræmi við gögn málsins. Þá eru afleiðingarnar sagðar vera opið sár framanvert á vinstri sköflungi, sem er í samræmi við greininguna T 13.1 sem tilgreind er í læknisvottorði. Á hinn bóginn gerði lækurinn nánar grein fyrir áverkanum fyrir dómi og teljast þær afleiðingar sannaðar, eins og áður greinir.

Samkvæmt framangreindu verður ákærði sakfelldur fyrir brot þau sem í ákæru greinir. Háttsemi hans er réttilega heimfærð undir 2. mgr. 218 gr. almennra hegningarlaga enda réðst ákærði að brotþola með áhöldum sem beitt var sem vopnum. Bæði voru þau hættuleg, ekki síst þegar litið er til aðstæðna og hvernig ákærði beitti þeim. Mátti honum vera ljós hættan sem af slíku stafaði og að langlíklegast væri að brotþoli hlyti alvarlega líkamsáverka í átökunum.

### III.

#### **Refsiákvörðun**

Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir hótun, umferðarlagabrot, fíkniefnalagabrot, m.a. sölu og dreifingu efna, og sérlega hættulega líkamsárás. Ákærði játaði brot sín að stærstum hluta og er til þess litið.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann síðast dæmdur í 45 daga skilorðsbundið fangelsi með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 7. september 2016. Það skilorð stóðst ákærði. Hann hefur ekki áður verið dæmdur til refsingar fyrir ofbeldisbrot eða hótanir.

Við ákvörðun refsingar nú er til þess litið að umferðarlagabrot ákærða samkvæmt 1. ákærulið II. kafla ákæru frá 8. ágúst 2019 varðar sektum. Brot ákærða samkvæmt

I. og 2. ákærulið II. kafla voru fólkskuleg, tilefnislaus og beindust að brotþola með aðeins tveggja daga millibili. Hið síðarnefnda var verulega gróft og breytir hér engu þó að ákærði hafi verið í tilfinningalegu ójafnvægi enda ásetningur hans einbeittur. Þá var ákærði undir áhrifum fíkniefna og skeytti engu um afleiðingar gjörða sinna. Hefði hæglega getað farið verr hvað 2. ákærulið II. kafla varðar ef brotþoli hefði ekki verið í stakk búinn til að verja sig.

Við ákvörðun refsingar vegna fíkniefnalagabrota er litið til sakaferils ákærða og magns fíkniefna. Er ákærði m.a. sakfelldur fyrir að hafa haft í vörslum sínum fíkniefni í sölu og dreifingarskygni, eins og fram kemur í ákæru dagsettri 5. nóvember 2019.

Með vísan til framangreinds og 1., 2., 3. og 6. og 1. mgr. 70. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga, þykir hæfileg refsing ákærða vera 16 mánaða fangelsi.

Til frádráttar refsingu kemur gæsluvarðhaldsvist sem ákærða var gert að sæta vegna málsins frá 12. mars til 3. apríl 2019.

Með vísan til lagaákvæða í ákæru er ákærði sviptur ökurétti í samræmi við kröfu ákæruvaldsins. Jafnframt eru gerð upptæk fíkniefni sem haldlögð voru á rannsóknarstigi, eins og nánar greinir í dómsorði.

Af hálfu brotþola er krafist skaðabóta samtals að fjárhæð 1.271.900 krónur auk vaxta. Krafan sundurliðast svo að krafist er miskabóta að fjárhæð 1.200.000 krónur, þjáningabóta að fjárhæð 58.500 krónur og 13.400 króna útlagðs sjúkrakostnaðar.

Ákærði er bótaskyldur vegna háttsemi sinnar. Brotþoli á rétt á miskabótum úr hendi hans á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Við ákvörðun bóta er litið til þess að um gróf brot var að ræða gegn brotþola. Þrátt fyrir að ekki liggi fyrir sálfræðileg gögn í málinu og að líkamstjón brotþola hafi verið óverulegt er ljóst að þau voru til þess fallin að valda honum miska. Þykja miskabætur til brotþola hæfilega ákveðnar 500.000 krónur. Krafa brotþola vegna útlagðs kostnaðar er studd gögnum og tekin til greina. Hvað varðar þjáningabætur þá liggja ekki fyrir læknisfræðileg gögn um það hversu lengi brotþoli var óvinnufær og verður kröfulið þessum því vísað frá dómi. Samtals ber ákærða að greiða brotþola 513.400 krónur og ber krafan vexti eins og nánar greinir í dómsorði. Þá skal ákærði greiða brotþola 350.000 krónur í málskostnað við að halda bótakröfunni fram.

Með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 ber ákærða að greiða allan sakarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, og annan sakarkostnað eins og nánar greinir í dómsorði. Við ákvörðun málsvarnarlauna er tekið tillit til virðisaukaskatts og tímaskýrslu verjanda.

Sigríður Hjaltested héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

**D ó m s o r ð :**

Ákærði, X, sæti fangelsi í 16 mánuði.

Ákærði er sviptur ökurétti í eitt ár frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði sæti upptöku á 579,35 g af maríjúana og 1,34 g af amfetamíni.

Ákærði greiði C 513.400 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá [...] mars 2019 til [...] nóvember 2019 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 350.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar St. Ragnarssonar lögmanns, 790.655 krónur, og 262.904 krónur í annan sakarkostnað.

Sigríður Hjaltested